

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/70/EB frá 20. október 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir tiltekin varnarefni í og á kornvörum og tilteknum afurðum úr dýra- og jurtaríkinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/74/EB frá 25. október 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir etófúmesat, lambda-sýshalótrín, metómýl, pýmetrósín og þíabendasól sem þar eru sett ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/76/EB frá 8. nóvember 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 90/642/EBE og 86/362/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kresoxím-metýl, sýrómasín, bífentrín, metalaxýl og asoxýstróbín sem þar eru sett ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1895/2005 frá 18. nóvember 2005 um takmörkun á notkun tiltekinna epoxýafleiðna í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/79/EB frá 18. nóvember 2005 um breytingu á tilskipun 2002/72/EB um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

l. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 293, 9.11.2005, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 302, 19.11.2005, bls. 28.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 302, 19.11.2005, bls. 35.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32005 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/70/EB frá 20. október 2005 (Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 35).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32005 L 0076**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/76/EB frá 8. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 293, 9.11.2005, bls. 14).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32005 L 0074**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/74/EB frá 25. október 2005 (Stjtíð. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 9).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB):
„– **32005 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/79/EB frá 18. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 302, 19.11.2005, bls. 35).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/38/EB):
„54zzw. **32005 R 1895**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1895/2005 frá 18. nóvember 2005 um takmörkun á notkun tiltekinna epoxýafleiðna í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 302, 19.11.2005, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1895/2005 og tilskipana 2005/70/EB, 2005/74/EB, 2005/76/EB og 2005/79/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

R. Wright

formaður.